

Áttundi fundur

Árið 2007, mánudaginn 23. júlí kl. 10:00 kom samstarfsnefnd um sameiningu Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar saman til fundar í Kjarna.

Mætt: Ásvaldur Þormóðsson, Erlingur Teitsson, Böðvar Pétursson, Dagbjört Bjarnadóttir, og Hólmgæir Hermannsson, ásamt verkefnisstjóra Reinhard Reynissyni.

Formaður, Erlingur Teitsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Þetta gerðist helst.

- 1) Fyrir liggur skýrsla RHA um skólamál sem dreift var í upphafi fundar. Farið var yfir helstu niðurstöður skýrslunnar og þær ræddar.
- 2) Samþykkt að birta kynningarefni frá nefndinni í fréttabréfum og á heimasíðum sveitarfélaganna. Jafnframt verði skólaskýrsla RHA birt á heimasíðum sveitarfélaganna. Þá verði vinnudrög að stöðuskýrslu birt og óskað eftir athugasemdum frá íbúum við efni hennar. Stefnt að kynningarfundum með íbúum í september.
- 3) Verkefnisstjóra og formanni falið að óska eftir svörum ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs hvað varðar möguleg framlög vegna undirbúnings sameiningar sveitarfélaganna og stofnframlög vegna breytinga á þjónustu.
- 4) Stefnt að næsta fundi í byrjun september.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:15